

Skólaráðsfundur

Fundinn sátu:

Skólastjóri: Svava Bogadóttir
Fulltrúar kennara: Raket og Jens
Fulltrúar nemenda: Sindri og Tanja
Fulltrúar foreldra: Magnús og Oddur
Fulltrúi almennra starfsmanna: Kristín Hulda

Fundur hófst kl. 08:10

Efni fundarins:

Nýr fulltrúi almennra starfsmanna Kristín Hulda kynnt.

1. Skóladagatal fyrir skólaárið 2016-2017. Frumdrög af skólatagatali kynnt og rennt yfir það. Svava kynnir tillögur að breytingum ma. breytt fyrirkomulag á vetrarfrí, sem yrði þá heil vika 24.- 28. október. Rætt um aðrar tímasetningar en að öðru leyti vel tekið í breytingartillögu.
2. Húsnæðismál skólans. Tveim kennslustofum hefur verið lokað vegna raka og myglu. Verið er að skoða úrræði til þess að leysa húsnæðisvandann, ýmsar hugmyndir hafa komið fram en ekki hefur verið tekin ákvörðun, verið að skoða kaup á lausri kennslustofu sem yrði staðsett á púða við álmu 3. Einnig var rætt um væntanlegar lausnir á því húsrými sem hefur verið lokað. Einnig var rætt um ruslagerði sem áætlað er í kringum ruslagáma við skólann, framkvæmd er í biðstöðu vegna kostnaðar og annarra verkefna sem talin eru brýnni.

Önnur mál

Svava tilkynnir fundarmönnum að skólanum hafi verið úthlutaður styrkur upp á 800.000 kr. úr Sprotasjóði. Styrkurinn er veittur til verkefnisins „Trú á eigin námsgetu hjá nemendum af erlendum uppruna“ og verður lögð áhersla á að veita styrknum í að efla trú á eigin námsgetu á meðal nýbúabarna við skólann.

Bent er á slysgildru á skólalóð þar sem vantar skjól yfir tröppugang sem liggur að rými undir Tjarnarsal. Svava ætlar að ganga í málið.,

Fundargerð ritar Raket

Fundi slitið kl. 09:25